

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Samandreginn árshlutareikningur 30. júní 2010

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	3
Yfirlit um heildarafkomu	4
Efnahagsreikningur	5
Eiginfjáryfirlit	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar og sundurliðanir	8-14

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Lánveitingar og lántökur

Útborguð lán á tímabilinu námu 2.494 milljónum króna samanborið við 6.696 milljónir króna á fyrri hluta ársins 2009.

Sjóðurinn hefur aldrei tapað útláni frá því að hann hóf starfsemi 1967 og hefur því engan afskriftareikning útlána í bókum sínum. Sjóðurinn hefur veði í tekjum sveitarfélaga sem tryggingu fyrir lánnum sem þau taka og ábyrgðum sem þau veita. Sjóðurinn beitti veði sínu einu sinni á tímabilinu og í kjölfarið gerði viðkomandi lántaki upp vanskil sín við sjóðinn. Vanskil við undirritun þessa árshlutareiknings voru 15 milljónir.

Lán þau sem sjóðurinn veitir af eigin fé sínu eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs og eru uppgreiðanleg. Vextir þeirra eru breytilegir en þeir stóðu í 4,25% allt tímabilið. Endurlán eru með sömu grunnkjörum og lántökurnar að viðbættu 0,05% vaxtaálagi til að koma til móts við rekstrarkostnað. Lánasjóðurinn hefur í gegnum tíðina ekki verið með teljandi gjaldeyris- eða vaxtaáhættu í rekstri sínum. Við hrun bankanna 2008 lokuðust gjaldeyrisvarnir sem sjóðurinn var með og er því óvarin gjaldeyrisstaða í lok tímabilsins 603 m.kr samanborið við 2.648 m. kr. í árslok 2009.

Á tímabilinu fóru fram skuldabréfaútböð á innlendum skuldabréfamarkaði til að afla fjár til endurlána að fjárhæð samtals 3.287 milljónir króna að nafnvirði. Skuldabréfin hafa verið tekin til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf.

Afkoma og efnahagur

Hagnaður tímabilsins nam 941 milljónum króna miðað við 586 milljónir króna á sama tíma árið 2009 og var umfram væntingar sjóðsins. Hagstæð gengisþróun evrunnar skýrir að mestu leyti aukinn hagnað sjóðsins samanborið við sama tímabil í fyrra.

Niðurstöðutala efnahagsreiknings í lok tímabilsins var 70.816 milljónir króna á móti 70.524 milljónum króna í árslok 2009. Útlán sjóðsins námu 63.037 milljónum króna í lok tímabilsins. Eigið fé nam 13.871 milljónum króna á móti 12.930 milljónum króna í árslok 2009 og hefur aukist um 7,3% á tímabilinu.

Vegið eiginfjárlutfall samkvæmt Basel II um eigið fé fjármálafyrirtækja er 82%.

Yfirlýsing

Lánasjóður sveitarfélaga hefur farið yfir dóm Hæstaréttar, sem kveðinn var upp þann 16. júní sl., þar sem íslensk gengistryggð lán voru dæmd ólögmæt. Það er mat lánasjóðsins, að höfðu samráði við lögfræðinga sjóðsins, að almennt bendi ekkert til þess að þau erlendu lán sem lánasjóðurinn hefur endurlánað til sveitarfélaga séu í andstöðu við ákvæði laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er samandreginn árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með samandreginn árshlutareikning sjóðsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. ágúst 2010

Magnús B. Jónsson
stjórnarformaður

Svanfríður Inga Jónasdóttir

Kristinn Jónasson

Jónmundur Guðmarsson

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir

Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2010. Samandregni árshlutareikningurinn hefur að geyma yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé ekki í öllum meginatriðum gerður í samræmi við IAS 34 "Árshlutareikningar".

Reykjavík, 24. ágúst 2010

KPMG hf.

Margret G. Flóvenz

Yfirlit um heildarafkomu

Skýr.	Árshlutauppgjör 30. júní 2010	
	30.6.2010	30.6.2009
Vaxtatekjur og verðbætur	2.615.910.427	2.955.462.279
Vaxtagjöld og verðbætur	(1.900.731.822)	(2.269.960.210)
Hreinar vaxtatekjur	4 715.178.605	685.502.069
Hrein (gjöld) tekjur veltufjáreigna	5 (25.877.354)	75.977.451
Hrein gjöld af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	6 (216.494)	(64.199.120)
Hreinn gjaldeyrismunur	7 323.595.014	(42.589.172)
Aðrar rekstrartekjur (gjöld)	297.501.166	(30.810.841)
Hreinar rekstrartekjur	1.012.679.771	654.691.228
Laun og launatengd gjöld	8 24.624.200	23.608.382
Kostnaður vegna skuldabréfaútgáfu	10 16.078.892	17.226.378
Árgjöld og eftirlitsgjöld FME	7.180.000	2.308.000
Annar rekstrarkostnaður	9,10 23.268.002	24.971.287
Afskriftir	17 597.814	597.814
Almennur rekstrarkostnaður	71.748.908	68.711.858
Hagnaður tímabilsins	940.930.863	585.979.370
Önnur heildarafkoma	0	0
Heildarafkoma tímabilsins	940.930.863	585.979.370
Hagnaður á hlut		
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	11 0,19	0,12

Skýringar á blaðsíðum 8 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum árshlutareikningi.

Efnahagsreikningur

	Skýr.	Árshlutauppgjör	
		30.6.2010	31.12.2009
Eignir			
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	12	7.707.491.275	5.358.120.732
Kröfur á lánastofnanir	13	17.300.098	40.510.645
Útlán og kröfur	14	63.037.219.598	65.056.035.777
Veltufjáreign - afleiður	15	0	13.325.970
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	16	1.226.863	1.443.357
Rekstrarfjármunir	17	52.009.794	52.607.607
Aðrar eignir		526.164	2.077.771
Eignir samtals		70.815.773.792	70.524.121.859
Skuldir			
Verðbréfaútgáfa	18	36.852.527.952	34.794.336.531
Aðrar lántökur	19	19.290.942.740	21.983.633.294
Veltufjárskuld - afleiður	17	0	13.325.970
Skuld við sveitarfélög	20	750.000.000	750.000.000
Aðrar skuldir	21	3.384.056	4.576.997
Lífeyrisskuldbinding	22	48.395.136	48.656.022
Skuldir samtals		56.945.249.884	57.594.528.814
Eigið fé			
Hlutfé		5.000.000.000	5.000.000.000
Lögbundinn varasjóður		1.250.000.000	1.250.000.000
Óráðstafað eigið fé		7.620.523.908	6.679.593.045
Eigið fé samtals	23	13.870.523.908	12.929.593.045
Skuldir og eigið fé samtals		70.815.773.792	70.524.121.859

Skýringar á blaðsíðum 8 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum árshlutareikningi.

Eiginfjárfirlit

	Hlutafé	Varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé 2009				
Eigið fé 1. janúar 2009	5.000.000.000	1.250.000.000	5.023.385.280	11.273.385.280
Hagnaður janúar-júní 2009			585.979.370	585.979.370
Eigið fé 30. júní 2009	<u>5.000.000.000</u>	<u>1.250.000.000</u>	<u>5.609.364.650</u>	<u>11.859.364.650</u>
Hagnaður júní-desember 2009			1.070.228.395	1.070.228.395
Eigið fé 31. desember 2009	<u>5.000.000.000</u>	<u>1.250.000.000</u>	<u>6.679.593.045</u>	<u>12.929.593.045</u>
Breytingar á eigin fé 2010				
Eigið fé 1. janúar 2010	5.000.000.000	1.250.000.000	6.679.593.045	12.929.593.045
Hagnaður janúar-júní 2010			940.930.863	940.930.863
Eigið fé 30. júní 2010	<u>5.000.000.000</u>	<u>1.250.000.000</u>	<u>7.620.523.908</u>	<u>13.870.523.908</u>

Skýringar á blaðsíðum 8 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum árshlutareikningi.

Sjóðstreymisyfirlit

Skýr.	Árshlutauppgjör 30.júní	
	2010	2009
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður tímabilsins	940.930.863	585.979.370
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	17 597.813	597.814
Afskriftir gangvirðiseigna	0	112.895.696
Verðbætur og gengismunur	(612.463.680)	(337.884.592)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	22 (260.886)	(981.027)
Söluhagnaður, gangvirðisbreytingar afleiðusamninga	216.494	(34.528.068)
Aðrar eignir, lækkun	1.551.607	309.678
Aðrar skuldir, lækkun	(1.192.941)	(40.357.996)
Handbært fé frá rekstri	329.379.270	286.030.875
Fjárfestingarhreyfingar		
Kröfur á lánastofnanir, breyting	0	(760.753.671)
Veitt útlán	(2.493.887.899)	(6.696.482.389)
Innheimt útlán	3.971.946.390	5.709.050.872
Fjáreignir á gangvirði, breyting	0	4.372.456
	1.478.058.491	(1.743.812.732)
Fjármögnunarhreyfingar		
Lántaka	5.340.014.410	5.896.376.824
Afborganir lána	(4.821.292.175)	(4.079.195.181)
Afleiðusamningar, breyting	0	(22.651.827)
	518.722.235	1.794.529.816
Hækkun á handbæru fé	2.326.159.996	336.747.958
Handbært fé í ársbyrjun	5.398.631.377	3.179.557.921
Handbært fé í lok tímabilsins	7.724.791.373	3.516.305.879
Fengnir vextir	1.172.212.617	1.423.331.431
Greiddir vextir	(1.052.860.673)	(1.160.256.757)

Skýringar á blaðsíðum 8 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum árshlutareikningi.

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutafélag í eigu 77 íslenskra sveitarfélaga. Lánasjóðurinn er lánafyrirtæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálafyrirtæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóður sveitarfélaga er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur sjóðsins er að Borgartúni 30, Reykjavík.

Lánasjóðurinn hefur gefið út skuldabréf sem tekin eru til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf. og er viðskiptavakt með hluta bréfanna.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. samþykkti samandreginn árshlutareikning sjóðsins þann 24. ágúst 2010.

Samandreginn árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. hefur verið kannaður en ekki endurskoðaður af endurskoðendum sjóðsins.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samandreginn árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34, "Interim Financial Reporting". Samandreginn árshlutareikningur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2009. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá sjóðnum eða á vef hans www.lanasjodur.is, sem og á vef NASDAQ OMX Iceland hf., www.omxnordicexchange.com.

Árshlutareikningur er birtur í íslenskum krónum, sem er jafnframt starfsrækslugjaldmiðill sjóðsins.

3. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings sjóðsins fyrir árið 2009.

Skýringar

4. Hreinar vaxtatekjur

	1.1. -30.6.2010	1.1. -30.6.2009
Vaxtatekjur og verðbætur		
Útlán og kröfur	2.429.966.945	2.918.362.831
Sjóður og aðrar skammtímakröfur	185.943.482	23.211.364
Verðbréf	0	13.888.084
	<u>2.615.910.427</u>	<u>2.955.462.279</u>

Seðlabanki Íslands hóf að greiða út reikningsvexti mánaðarlega á tímabilinu í stað árlega áður sem skýrir hærrí vaxtatekjur sjóðs og annarra skammtímakrafna.

Vaxtagjöld og verðbætur

Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	1.900.731.822	2.269.960.210
	<u>1.900.731.822</u>	<u>2.269.960.210</u>

5. Hrein (gjöld) tekjur veltufjáreigna

Gangvirðisbreytingar	(25.877.354)	75.977.451
	<u>(25.877.354)</u>	<u>75.977.451</u>

6. Hrein (gjöld) tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði

Hrein (gjöld) tekjur greinast þannig:

- Skuldabréf	0	48.696.576
- Afskrift skuldabréfs útgefið af SPRON	0	(112.895.696)
- Peningamarkaðsbréf	(216.494)	0
	<u>(216.494)</u>	<u>(64.199.120)</u>

7. Hreinn gjaldeyrismunur

Útlán	(1.794.446.978)	962.668.068
Lántökur	2.123.365.801	(980.802.990)
Kröfur á lánastofnanir	(5.323.809)	(24.454.252)
	<u>323.595.014</u>	<u>(42.589.174)</u>

8. Laun og launatengd gjöld

Í lok tímabilsins unnu 3 starfsmenn hjá sjóðnum. Sjóðurinn hefur gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmsum rekstrar- og þjónustupáttum og er sá kostnaður færður meðal annars rekstrarkostnaðar.

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	20.234.826	20.106.895
Launatengd gjöld	2.245.682	1.473.394
Lífeyriskostnaður	2.143.692	2.028.093
	<u>24.624.200</u>	<u>23.608.382</u>

Skýringar

8. Laun og launatengd gjöld (framhald)

Laun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra greinast þannig:	1.1. -30.6.2010	1.1. -30.6.2009
Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri	8.257.596	7.847.688
Þorsteinn Þorsteinsson, fráfarandi framkvæmdastjóri	0	1.520.588
Stjórnarmenn:		
Magnús B Jónsson, stjórnarformaður	499.476	466.176
Kristinn Jónasson	332.982	310.782
Svanfríður Inga Jónasdóttir	332.982	310.782
Jónmundur Guðmarsson	332.982	310.782
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir	332.982	199.788
Anna Skúladóttir	0	160.941
	<u>1.831.404</u>	<u>1.759.251</u>

9. Þóknun til endurskoðenda

Endurskoðun ársreiknings	3.944.213	8.706.875
Önnur þjónusta	239.763	238.375
Innri endurskoðun	294.037	72.090
	<u>4.478.013</u>	<u>9.017.340</u>

10. Annar rekstrarkostnaður

Kostnaður vegna skuldabréfaútgáfu

Viðskiptavakt	12.000.000	12.000.000
Gjöld vegna verðbréfaútgáfu	809.237	2.295.698
Árlegur kostnaður vegna skuldabréfa	3.269.655	2.930.680
	<u>16.078.892</u>	<u>17.226.378</u>

Annar rekstrarkostnaður

Sameiginlegur skrifstofukostnaður	6.985.878	7.596.498
Endurskoðun og tengd þjónusta	4.478.013	9.017.340
Tölvur og tölvukerfi	6.933.157	3.736.877
Rekstur húsnæðis	1.541.519	1.872.072
Ferðakostnaður	776.295	736.192
Sérfræðiþjónusta	576.100	228.270
Rekstrarvörur og skrifstofuáhöld	881.999	641.939
Gestamóttaka og risna	108.007	542.345
Önnur rekstrargjöld	987.034	599.754
	<u>23.268.002</u>	<u>24.971.287</u>

11. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut greinist þannig:

Hagnaður tímabilsins	940.930.863	585.979.370
Vegið meðaltal hlutafjár á tímabilinu	5.000.000.000	5.000.000.000
Hagnaður á hlut	<u>0,19</u>	<u>0,12</u>

Skýringar

12. Sjóður og innstæður í Seðlabanka

	30.6.2010	31.12.2009
Óbundnar innstæður í Seðlabanka	3.694.014.276	5.358.120.732
Innstæðubréf Seðlabanka Íslands	4.013.476.999	0
	<u>7.707.491.275</u>	<u>5.358.120.732</u>

Sjóður og innstæður í Seðlabanka ásamt kröfum á lánastofnanir mynda handbært fé í lok tímabilsins í samræmi við sjóðstreymi að fjárhæð samtals 7.725 milljónir.

13. Kröfur á lánastofnanir

Bankareikningar	17.300.098	40.510.645
	<u>17.300.098</u>	<u>40.510.645</u>

14. Útlán og kröfur

Útlán og kröfur greinast þannig:

Útlán í erlendri mynt	15.524.674.810	18.045.240.989
Verðtryggð útlán	47.031.676.816	45.721.329.137
Óverðtryggð útlán	480.867.972	1.289.465.651
	<u>63.037.219.598</u>	<u>65.056.035.777</u>

Útlán og kröfur greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:

Gjaldkræfar kröfur	374.338.561	21.740.251
Til greiðslu eftir allt að 3 mánuði	3.828.129.963	3.124.711.537
Til greiðslu eftir 3 mánuði og allt að 1 ári	4.580.009.887	5.534.102.651
Til greiðslu eftir 1 ár og allt að 5 árum	21.273.937.499	22.510.227.006
Til greiðslu eftir 5 ár	32.980.803.688	33.865.254.332
	<u>63.037.219.598</u>	<u>65.056.035.777</u>

Útlán sem komin eru fram yfir gjalddaga en ekki eindaga eru flokkaðar sem gjaldkræfar kröfur. Í lok tímabilsins eru engin útlán komin fram yfir eindaga og mat á útlánaáhættu gefur ekki tilefni til myndunar afskriftareiknings vegna útlánatapa.

15. Afleiðusamningar

Í árslok 2008 var útistandandi afleiðuskuld upp á 57,2 milljónir. Í maí 2009 greiddi sjóðurinn 22,7 milljónir fyrir kaup á afleiðu, til varnar fyrrnefndri afleiðuskuld, og er hún færð til eignar í bókum sjóðsins á móti afleiðuskuldinni. Markaðsvirði afleiðanna í lok tímabilsins er 0 og er færð sem slík í efnahagsreikningi sjóðsins.

16. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

Hlutdeildarskírteini	1.226.863	1.443.357
	<u>1.226.863</u>	<u>1.443.357</u>

Skýringar

17. Rekstrarfjármunir

Árið 2009:

Bókfært verð í ársbyrjun	53.803.235
Afskriftir	(1.195.628)
Bókfært verð í árslok	<u>52.607.607</u>

Bókfært verð í árslok 2009 greinist þannig:

Kostnaðarverð	59.781.371
Samsafnaðar afskriftir	(7.173.764)
Bókfært verð í árslok	<u>52.607.607</u>

Árið 2010:

Bókfært verð í ársbyrjun	52.607.607
Afskriftir	(597.814)
Bókfært verð 30.júní	<u>52.009.793</u>

Bókfært verð í lok tímabilsins greinist þannig:

Kostnaðarverð	59.781.371
Samsafnaðar afskriftir	(7.771.578)
Bókfært verð 30.júní	<u>52.009.793</u>

18. Verðbréfaútgáfa

	Vegin meðaltals vaxtaþrósentia*		Staða 30.6.2010	Staða 31.12.2009
	2010	2009		
Óskráð skuldabr.útg., lokagj. 2013	5,00%	5,00%	69.557.384	66.133.173
LSS '03, lokagjalddagi 2018	5,17%	5,17%	862.303.313	893.101.066
LSS '04, lokagjalddagi 2019	4,08%	4,08%	1.835.566.982	1.753.142.565
LSS '05 3A+B, lokagjalddagi 2010	-	-	580.824.063	548.947.533
LSS '05-1, lokagjalddagi 2012	4,16%	4,16%	2.182.077.649	3.247.558.219
LSS '05-2, lokagjalddagi 2022	4,30%	4,30%	6.228.151.840	6.699.966.476
LSS '05-4, lokagjalddagi 2020	4,11%	4,11%	1.088.872.719	1.040.558.152
LSS 150224, lokagjalddagi 2024	5,53%	5,76%	18.049.596.515	14.617.122.050
LSS '08 1, lokagjalddagi 2034	5,44%	5,44%	5.955.577.487	5.927.807.297
			<u>36.852.527.952</u>	<u>34.794.336.531</u>

* Vegin meðaltals vaxtaþrósentia er sett fram samkvæmt aðferð um virka vexti.

19. Aðrar lántökur

	Vegið meðaltals vaxtaálag		Staða 30.6.2010	Staða 31.12.2009
	2010	2009		
EUR lán (EURIBOR + álag)	0,27%	0,27%	14.068.560.532	18.479.246.679
USD lán (LIBOR + álag)	0,13%	0,13%	2.087.131.060	2.219.689.966
ISK lán (verðtryggð)	5,76%	5,76%	1.133.251.147	1.284.696.649
ISK lán (óverðtryggð)	6,00%	-	2.002.000.001	0
			<u>19.290.942.740</u>	<u>21.983.633.294</u>

Skýringar

20. Skuld við sveitarfélög

Samkvæmt ákvæði til bráðbirgða I. laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga var samþykkt á ársfundi Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2006 sem haldinn var 23.mars 2007 að eigið fé lánasjóðsins yrði fært niður um 3 milljarða króna enda uppfyllir sjóðurinn þrátt fyrir lækkunina skilyrði laga um eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja og hefur nægilegt handbært fé til að standa við skuldbindingar sínar. Ráðstöfun þessi á eigin fé lánasjóðsins til sveitarfélaganna greiðist á árunum 2007 til 2010. Í árshlutareikningi þessum stendur skuld við sveitarfélög í 750 m. kr. sem svo var greidd út til sveitarfélaganna þann 1. júlí 2010.

21. Aðrar skuldir	30.6.2010	31.12.2009
Lánardrottinnar	1.378.613	2.731.057
Ógreidd launatengd gjöld	2.005.443	1.845.940
	<u>3.384.056</u>	<u>4.576.997</u>

22. Lífeyrisskuldbinding

Á Lánasjóði sveitarfélaga og samstarfsstofnunum hvílir lífeyrisskuldbinding vegna þeirra starfsmanna, sem hafa átt og eiga aðild að B-deild LSR. Tryggingafræðilegur útreikningur á lífeyrisskuldbindingunni er gerður einu sinni á ári. Ekki hefur verið gerður útreikningur á lífeyrisskuldbindingunni fyrir fyrstu sex mánuði ársins þar sem áætluð breyting á skuldbindingunni er talin hafa óveruleg áhrif á rekstur sjóðsins.

Lífeyrisskuldbinding greinist þannig:

Frá fyrra ári	48.656.022	53.389.631
Greiddur lífeyrir á árinu	(260.886)	(1.518.583)
Lækkun skuldbindingar	0	(3.215.026)
	<u>48.395.136</u>	<u>48.656.022</u>

23. Eigið fé

Eigið fé í ársbyrjun	12.929.593.045
Hagnaður tímabilsins	940.930.863
	<u>13.870.523.908</u>

Í lok tímabilsins nemur heildarhlutfé félagsins 5.000 milljónum króna. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs.

Eigið fé í lok tímabilsins nam 13.871 milljónum króna eða 20% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Í árslok 2009 var eiginfjárlutfall (CAD) reiknað út frá Basel II 67% samanborið við 82% nú en samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki má það ekki vera lægra en 8%.

Hlutfallið reiknast þannig:	Bókfærð staða	Vegin staða 30.6.2010
Áhættugrunnur		
Bókfærðar eignir	70.815.773.792	12.664.140.596
Markaðsáhætta		1.635.927.000
Rekstraráhætta		2.563.034.000
Áhættugrunnur samtals	<u>70.815.773.792</u>	<u>16.863.101.596</u>
Eigið fé:		
Bókfært eigið fé	13.870.523.908	13.870.523.908
Eigið fé samtals	<u>13.870.523.908</u>	<u>13.870.523.908</u>
Eiginfjárlutfall (CAD)		82%

Skýringar

24. Venslaðir aðilar

Venslaðir aðilar sjóðsins eru skilgreindir sem sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir í eigu sveitarfélaga sem tengjast stjórn sjóðsins og sveitarfélög og fyrirtæki þeirra sem hafa marktæk áhrif sem stærstu hluthafar sjóðsins. Þessi skilgreining er byggð á IAS 24. Upplýsingar um fyrirgreiðslu til venslaðra aðila eru sem hér segir:

	30.6.2010	31.12.2009
Staða 1. janúar	4.653.867.842	3.338.503.536
Ný lán.....	51.040.000	1.406.987.000
Afborganir lána.....	(281.611.588)	(397.286.064)
Aðrar breytingar.....	(22.737.223)	305.663.370
Staða 31. desember.....	<u>4.400.559.031</u>	<u>4.653.867.842</u>

Engin niðurfærsla hefur verið færð vegna lána til venslaðra aðila.

Engin óvenjuleg viðskipti hafa átt sér stað við venslaða aðila á árinu 2010.